

Skilablað – HVE – mat á húsnæði og húsnæðisþörf

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins HVE – mat á húsnæði og húsnæðisþörf.

1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu þann 9. mars 2016 um að FSR færi yfir húsnæðismál Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) með heildstæðum hætti.

Verkefnastjóri hjá FSR var Guðbjartur Á. Ólafsson.

2 Verklýsing

Heilbrigðisstofnun Vesturlands hefur afnot af nokkrum íbúðarhúsum á Vesturlandi vegna starfsemi sinnar. Um var að ræða að FSR færi heildstætt yfir húsnæðismál HVE, myndi meta húsnæði og húsnæðisþörf stofnunarinnar og kæmi með tillögur um aðgerðir til úrbóta í framhaldinu.

Verkheiti verkefnisins var HVE – mat á húsnæði og húsnæðisþörf.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er dagsett 9. mars 2016 og verkefnið fékk verknúmerið 633 0106.

4 Framvinda

Eignir sem HVE hefur afnot af voru skoðaðar með tilliti til ástands þeirra og notkunar. Í framhaldinu var gerð skýrsla með niðurstöðum FSR og yfirliti yfir húsnæðismál HVE í júní 2016.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður FSR við verkefnið var 929.720 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Í niðurstöðum skýrslu FSR um verkefnið kemur meðal annars fram að skoða ætti á hverri starfsstöð hvort mögulegt væri að koma upp einingu innan veggja sjúkrahúss eða heilsugæslustöðvar þar sem starfsfólk gæti haft aðsetur í stað séreigna. Tilgreindar voru eignir sem metnar voru sem hæfilegar einingar með góðri staðsetningu, þær sem skipta mætti út fyrir aðrar hentugri lausnir og þær sem ráðlagt væri að færu strax á sölu.

7 Ákvörðun verkkaupa


Á ekki við.

8 Verklök

Verkefninu lauk með skýrslu í júní 2016.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri